

dómi, þar með talin málfutningslaun verjanda fyrir aukaréttinum 12 kr. og sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 15 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmætar.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Júlíus Jónsson, sæti 8 mánaða betrunarhússvinnu og greiði allan sakarkostnað fyrir báðum réttum, þar með talin málfutningslaun verjanda í héraði, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 12 kr. og málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar yfirréttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. apríl 1915.

Nr. 11/1915.

Björn Kristjánsson
og Björn Sigurðsson
f. h. Landsbankans
gegn

Einari M. Jónassyni,
Guðmundi Jónassyni,
Kristjáni Jónassyni
og Bjarna Valdasyni

D ó m u r :

Áfrýjendur, Björn Kristjánsson og Björn Sigurðsson, bankastjórar, fyrir hönd Landsbankans, höfðuðu mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn stefnda, Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni, sem aðalskuldara og þeim Guðmundi Jónassyni kaupmanni í Frakkanesi, Kristjáni Jónassyni, kaupmanni í Borgarnesi, og Bjarna Valdasyni, bónda í Skutuls-ey, sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum til greiðslu in solidum á 2246 kr. skuld með 7% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til Landsbankans samkvæmt veðskulda- bréfi 10. febr. 1910. Af hálfu varaáðila var málinu gagnstefnt og Jón Magnússon bæjarfógeti tilstefndur (adcitatus) til að greiða hina umstefndu upphæð. Með dómi gestaréttarins uppkveðnum 11. des. f. á., lauk þessum málum svo, að stefndu í aðalsökinni voru dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn til að greiða áfrýjendum kr. 2246.00 með $6\frac{1}{4}\%$ ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til borgunardags og 45 kr. í máls- kostnað, að áfrýjendur voru sýknaðir í gagnsökinni og að sökinni gegn Jóni Magnússyni bæjarfógeta var vísað frá gestaréttinum og gagnstefnendur dæmdir til að greiða honum 15 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til yfir- dómsins með stefnu dags. 15. febr. þ. á., og krafist staðfestingar á honum og hæfilegs málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af varnaraðilum í aðalsökinni fyrir gestaréttin- um hefir Einar M. Jónasson einn mætt fyrir yfir- dómi, og hefir hann krafist þess, að málinu verði

vísað frá yfirdóminum og að sér verði dæmdur málskostnaður. Færir hann þá ástæðu fyrir þessari kröfu, að tilstefningarsök á hendur Jóni Magnússyni bæjarfógeta hafi eigi verið áfrýjað jafnframt aðalmálinu, þó að hann, bæjarfógetinn, sé »óaðskiljanlegur sakaraðili«. En það verður eigi séð, að nein rök séu til þess, að aðalsökin og tilstefningarsökin séu réttarfarslega svo tengdar, að þeim beri að áfrýja báðum í senn, og verður þessi krafa því eigi tekin til greina.

Hinir varnaraðilarnir, framannefndir sjálfskuldarábyrgðarmenn, hafa eigi komið í yfirdóminn, og enginn hefir haldið upp andsvörum af þeirra hendi, enda hefir þeim eigi verið stefnt. Að vísu hefir Einari M. Jónassyni verið stefnt fyrir hönd ábyrgðarmannanna, en það sézt eigi að hann hafi neitt umboð til að vera fyrir þeirra hönd við áfrýjun málsins, og sjálfur hefir hann lýst því yfir, að hann hafi fyrir löngu beðið ábyrgðarmennina um umboð til að áfrýja málinu, en ekki fengið. Það er því eigi sannað, að nein heimild hafi verið til að stefna Einari M. Jónassyni fyrir hönd ábyrgðarmannanna og ber því samkvæmt N. L. 1—4—1 og 2 að visa málskotinu á hendur þeim frá yfirdóminum.

Einar M. Jónasson hefir eigi hreyft neinum andmælum um efni málsins, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er til hans kemur. Svo þykir hann og eftir málavöxtum eiga að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Málskotinu á hendur Guðmundi Jónassyni, Kristjáni Jónassyni og Bjarna Valdasyni visast frá yfirdóminum. Um stefnda, Einar M. Jónasson, skal gestaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjendum Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni fyrir hönd Landsbankans, 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 26. apríl 1915.

Nr. 9/1915.

Réttvisin
 gegn
 Gunnari Sigurðssyni
 og
 Þórði Kolbeinssyni

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 31. des. f. á., er ákærði, Gunnar Sigurðsson, dæmdur samkvæmt 266. grein, sbr. 48. gr. almennra hegningarlaga í 2ja ára betr-